

Mál nr. 107/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V dags. 17. apríl 2024.
3. Tölvupóstur M dags. 5. júní 2024.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að hinn 25. nóvember 2023 var bifreið A ekið á kerru, sem dregin var af bifreið B, á Norðurlandsvegi við bæinn Akurbrekku. Í sömu lögregluskýrslu kemur fram að búið hafi verið að færa bifreiðarnar af veginum þegar lögregla kom á staðinn og að myrkur hafi verið á vettvangi og mikil hálka. Haft er eftir ökumanni bifreiðar A að hann hafi ekið suður eftir Norðurlandsvegi á um 90 km/klst hraða þegar hann sá kyrrstæða bifreið (B) á akrein á móti en ekki séð kerru aftan í bifreiðinni þar sem engin ljós hefðu verið sjáanleg á henni. Ökumaður bifreiðar A kveðst ekki hafa náð að sveigja frá kerrunni þar sem hún hafi skagað langt yfir miðlínu og yfir á öfugan vegarhelming og því ekið á kerruna. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið þeirri bifreið með óskráða snjósleðakerru í eftirdragi norður Norðurlandsveg og ætlað að taka vinstri beygju heim að bænum Akurbrekku. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa stöðvað á hægri akrein þar sem umferð hafi komið úr gagnstæðri átt og í þann mund sem bifreið A hafi ekið framhjá honum hafi hann fundið fyrir höggi og áttað sig á að bifreið A hafi lent á kerrunni. Ökumaður bifreiðar B kvað ljós hafa verið virk á kerrunni sem og að glitmerki hafi verið á vinstri hlið kerrunnar fyrir áreksturinn, en að þau hafi farið af við áaksturinn. Með gögnum M vegna málsins fylgir einnig ódagsett skýrsla vitnis sem var farþegi í bifreið A um að hann hafi séð að kerra aftan í bifreið B hafi verið á miðjum vegi fyrir framan þá.

M telur að stærð bifreiðar B sem og stór framljós hafi komið í veg fyrir að ökumaður bifreiðar A hafi séð kerru aftan í bifreið B. Einnig vísar M til þess að kerran hafi verið komin vel yfir á rangan vegarhelming þegar bifreið A lenti á henni. M bendir á og vísar til ljósmyndar af Norðurlandsvegi þar sem tjónsatvikið var og bendir á að vegurinn sé þar beinn. Einnig vísar M til þess að hálka hafi verið á veginum og myrkur á vettvangi og þar sem kerra aftan í bifreið B hafi verið óskráð þá séu líkur á því að ljós og glitmerki hafi ekki verið virk. Einnig telur M ómögulegt að þær skemmdir sem urðu á bifreið A hafi getað orðið við þær aðstæður að ökumaður bifreiðar A var að sveigja frá kerrunni. Einnig bendir M á að ökumaður bifreiðar B hafi ekki andmælt því að kerran hafi farið yfir á rangan vegarhelming og enginn ágreiningur séu uppi í málinu um að kerran hafi verið þannig staðsett.

V gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Í lögregluskýrslu vegna tjónsatviks þess sem hér er deilt um koma fram skýrslur beggja ökumanna af aðdraganda þess að bifreið A var ekið á kerru sem var aftan í bifreið B. Í framburði ökumanns bifreiðar A kemur fram að bifreiðin hafi verið á röngum vegarhelmingi en ekki verða dregnar þær ályktanir af framburði ökumanns bifreiðar B að hann telji að kerran hafi verið á röngum vegarhelmingi. Ekki liggur fyrir í þeirri lögregluskýrslu framburður vitnis og verður ódagsett og óundirrituð skýrsla vitnis, sem var farþegi í bifreið A og fylgdi með gögnum M fyrir nefndina, lögð til grundvallar sem óyggjandi sönnun á staðsetningu kerrunnar þegar tjónsatvikið varð.

Þannig verður að telja ósannað að staðsetning kerru aftan í bifreið B hafi verið þannig að hægt sé að meta hana ökumanni bifreiðar B til sakar. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá beri sönnunarbyrði sem heldur tilteknum atvikum fram, eins og þeim atvikum að kerra aftan í bifreið B hafi verið ranglega staðsett á vegi, verið án ljós og glitmerkja eða með öðrum hætti skapað hættu fyrir umferð sem á móti ok. Slík sönnunargögn liggja ekki fyrir með óyggjandi hætti og ber M hallann af slíkum sönnunarskorti með vísan til fyrrnefndra sönnunarreglna. Verður ökumaður bifreiðar A því

talinn bera alla sök á áakstri við kerru aftan í bifreið B í greint sinn og á M því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðar B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðar hjá V. Öll sök vegna áreksturs á kerru er á ökumanni bifreiðar A.

Reykjavík, 19. júní 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir